

Ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

Þrátt fyrir ítrekuð vilyrði stjórnvalda og stofnanna fyrir því að efla fjarskiptasamband á Vestfjörðum, er enn langt í land að þessi landshluti geti talist búa við eðlileg fjarskipti.

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 16. og 17. september 2025 í Félagsheimilinu Hnífsdal, Ísafjarðarbæ, krefst þess að stjórnvöld bregðist nú við þessu ákalli og lýsir Fjórðungssambandið sig, sem og öll hlutaðeigandi sveitarfélög sig reiðubúin til að aðstoða og upplýsa um aðstæður eins og þörf krefur.